



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikurdagur, 22. maí 2019

Ákvörðun nr. 17/2019

## **Kaup Daga hf. á hluta af rekstri Bragðgotts ehf.**

### **I.**

#### **Málavextir og málsmeðferð**

Þann 24. apríl 2019 barst Samkeppniseftirlitinu bréf þar sem tilkynnt var um kaup Daga hf. (Daga) á hluta af rekstri Bragðgotts ehf. (Bragðgott). Með tilkynningunni fylgdi svonefnd styttri samrunaskrá með upplýsingum um samrunan í samræmi við 6. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 648/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum og viðauka II við þær.

Mál þetta hefur sætt rannsókn Samkeppniseftirlitsins. Sem liður í þeirri rannsókn hefur eftirlitið m.a. átt samtöl við keppinauta á markaðnum og aflað sjónarmiða þeirra. Að því marki sem Samkeppniseftirlitið telur upplýsingar þær sem eftirlitið býr yfir skipta máli fyrir niðurstöðu máls þessa er þeirra getið í ákvörðun þessari.

### **II.**

#### **Samruninn**

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Samkeppniseftirlitið telur að í kaupum Daga á hluta af rekstri Bragðgotts felist samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

Í samrunaskrá kemur fram að Dagar (áður ISS) séu hlutafélag. Tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum þess sé alhliða ræstingaþjónusta og hvers konar þjónusta er tengist slíkum viðskiptum, kaup og rekstur fasteigna, fasteignaumsjón, veitingaþjónusta, lánastarfsemi og annar skyldur atvinnurekstur. Dagar bjóði upp á alhliða þjónustu í ræstingum, veitingaþjónustu, fasteignaumsýslu, stoðþjónustu, öryggisþjónustu og samhæfðar þjónustulausnir í samræmi við kröfur á alþjóðavettvangi, með þekkingu og reynslu að leiðarljósi. Dagar séu að fullu í eigu Sands ehf. en um það eignarhald hafði verið fjallað í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 14/2017, *Kaup Sands ehf. á ISS Íslandi ehf.* Sandur sé einkahlutafélag og tilgangur félagsins sé kaup og sala fjármálagerninga, eignarhald, leiga og rekstur fasteigna, lánastarfsemi, önnur fjármálastarfsemi og skyldur rekstur. Hluthafar í Sandi hafi gert með sér hluthafasamkomulag vegna fjárfestingar félagsins í ISS. Félögin Hafsilfur og P 126, sem séu hluthafar í Sandi, ásamt erlendum fjárfestum og fari þeir með sameiginleg yferráð í Sandi og þar með ISS í kjölfar



samrunans. ISS og Sandur störfuðu ekki á sömu mörkuðum og var því um samsteypusamruna að ræða. Fram kemur í samrunaskrá með samrunanum sem hér er til umfjöllunar að engar verulegar breytingar á eignarhaldi hafi átt sér stað frá dagsetningu áður nefndrar ákvörðunarinnar.

Þá segir í samrunaskrá að Bragðgott sé einkahlutafélag. Tilgangur félagsins sé samkvæmt samþykktum þess veitingarekstur, veitingasala, rekstur fasteigna og námskeiðahald. Bragðgott hafi með höndum rekstur veitingahúss, Bergson Mathús að Templarasundi og rekstur hádegisverðastaðs, Bergson RE að Grandagarði. Þá hafi félagið með höndum rekstur veitingaþjónustu (mötuneytis) og hádegisverðþjónustu á Sjúkrahúsinu Vogu sem og rekstur veitingaþjónustu (mötuneytis) á Vík Kjalarnesi á grundvelli samnings við SÁÁ. Loks megi nefna að Bragðgott eigi 40% hlut í félaginu Gómsætt sem hefur með höndum rekstur Iðnó samkvæmt samningi við Reykjavíkurborg.

Sá hluti af starfsemi Bragðgotts sem Dagar hyggjast kaupa er starfsemi félagsins að Templarasundi og sú starfsemi sem fer fram á grundvelli samnings við SÁÁ.

## **1. Markaðir málsins og staða fyrirtækja á þeim**

Við mat á samruna samkvæmt samkeppnislögum verður að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður sölusvæði vöru og staðgreindarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markaði frá tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaði og hins vegar landfræðilegum markaði.

Að mati samrunaaðila starfa þeir báðir á vöru- og þjónustumarkaði fyrir veitingaþjónustu og hafa til þess starfstöðvar í Reykjavík. Samrunaaðilar telja að ef skipta eigi þessum markaði í undirmarkaði beri að leggja til grundvallar að samruninn hafi áhrif á tvo undirmarkaði. Annars vegar markaði fyrir sölu máltíða til starfsmanna fyrirtækja og stofnana á vinnu tíma og hins vegar markaði fyrir framleiðslu matar fyrir skjólstæðinga heilbrigðisstofnana.

Varðandi markað fyrir sölu máltíða til starfsmanna fyrirtækja og stofnana á vinnutíma telja Dagar að markaðshlutdeild samrunaaðila sé óveruleg. Í samrunaskrá kemur fram að samrunaaðilar telja stærð markaðarins megi til að mynda leiða af opinberum tölum Hagstofu Íslands um fjölda starfandi einstaklinga með lögheimili á Íslandi árið 2018 (óháð kyni, aldri og bakgrunn) á þeim svæðum sem samrunaaðilar geta þjónustað. Þau svæði séu að mati Daga höfuðborgarsvæðið, Suðurnes, Vesturland og Suðurland.

Um markað fyrir framleiðslu á máltíðum fyrir skjólstæðinga heilbrigðisstofnana telja Dagar að markaðshlutdeild samrunaaðila sé óveruleg. Telja þeir að stærð markaðarins megi ráða til að mynda út frá upplýsingum á vef Stjórnarráðs Íslands frá 2011 um fjölda legurýma á þeim svæðum sem samrunaaðilar báðir geta þjónustað, þ.e. höfuðborgarsvæðið, Suðurnes, Vesturland og Suðurland. Þann fjölda þurfi síðan að margfalda með tveimur þar sem hvert legurými býr til eftirspurn eftir tveimur heitum máltíðum á dag.



Framkvæmdarstjórn Evrópusambandsins hefur fjallað um þessa markaði í niðurstöðum sínum. Í máli nr. M.6513 *Avenance Italy/Gemeaz Cusin* reyndi á markað samningabundna veitingaþjónustu (e. *contract food service*). Sá markaður var skilgreindur sem veitingaþjónusta utan heimils og veitt af þriðja aðila. Oftast færi sú þjónusta fram hjá hinu opinbera eða í einkageiranum til einstaklinga þar sem umrædd veitingaþjónusta var ekki aðalástæða nærveru þeirra á staðnum. Hér mætti nefnda fyrirtæki í atvinnurekstri, fyrirtæki á heilbrigðisvið (þ.e. spítalar, hjúkrunarheimili o.s.frv.), menntastofnanir og fangelsisstofnanir. Í þessu felst að stofnun eða fyrirtæki borgar veitingarþjónustunni gjald fyrir þjónustu þess og eru veitingarnar síðan seldur til viðskiptavina oftast nær á niðurgreiddu verði.

Í ljósi niðurstöðu þessa máls telur Samkeppniseftirlitið ekki nauðsynlegt að taka afstöðu til endanlegrar skilgreiningar á mörkuðum málsins.

### III.

#### Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruni leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir endi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda.

Að mati Samkeppniseftirlitsins hefur ekkert komið fram við rannsókn málsins sem leiðir til þess að samrunaaðilar hafi, eða muni öðlast, markaðsráðandi stöðu á mörkuðum málsins. Þá verður ekki séð, af gögnum málsins, að samruninn muni leiða til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti.

Með hliðsjón af öllu framangreindu telur Samkeppniseftirlitið að fyrirhugaður samruni leiði ekki til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur því ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

### IV.

#### Ákvörðunarorð

**„Kaup Dags hf. á hluta af rekstri Bragðgotts ehf. felur í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson